

**Kópavogsbær**

**Ársreikningur 2021**





# Efnisyfirlit

**Bls.**

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	1
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur 2021.....	7
Efnahagsreikningur 31. desember 2021.....	8 - 9
Yfirlit um sjóðstreymi.....	10
Skýringar og lykiltölur.....	11 - 26
Yfirlit viðauka.....	27 - 30
Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit.....	31
Yfirlýsing um stjórnarhætti.....	32



## Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2021 námu 40.114 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 36.744 m.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 38.124 m.kr. en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 34.863 m.kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 588 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum var gert ráð fyrir 715 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 24 m.kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu að fjárhæð 1.027 m.kr. Eigið fé samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta í árslok 2021 nam 33.464 m.kr. en eigið fé á A hluta nam 20.325 m.kr.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta á árinu námu alls 21.810 m.kr. Fjöldi á launaskrá í árslok var 2.917 en meðal stöðugildi á árinu voru 2.094 að undanskyldum vinnuskóla og vinnuframlagi í nefndum. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 126 m.kr. á árinu 2021.

Íbúar Kópavogsbæjar þann 1. desember 2021 voru 38.987 og fjölgaði þeim um 278 frá fyrra ári eða um 2%.

Covid-19 faraldurinn sem hefur sett mark sitt á samfélagið undanfarin tvö ár hefur haft mikil áhrif á mörgum sviðum, þar með talin efnahagsleg. Nú er vonast til að faraldurinn sé í rénum og jafnvel þannig að gangur samfélagsins fari að falla í eðlilegan farveg. Nánar er fjallað um áhrif faraldursins á rekstur Kópavogsbæjar í skýringu 34.

Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2021 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Kópavogi 7. apríl 2022

Bæjarstjóri:



Bæjarráð:

Þeodora S. Þorsteinsdóttir.

Hjördís J. Jónsson

Ánna Elísabet Hauksdóttir



Þórir Jón Jónsson

H. H. Magnússon

Á milli umræðna urðu breytingar á ársreikningi, þannig að 1. málsgrein í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra breytist og verður þannig:

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2021 námu 39.622 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 36.744 m.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 37.633 m.kr. en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 34.863 m.kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 96 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum var gert ráð fyrir 715 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 468 m.kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu að fjárhæð 1.027 m.kr. Eigið fé samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta í árslok 2021 nam 32.972 m.kr. en eigið fé á A hluta nam 19.834 m.kr.

Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2021 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Kópavogi, 26. apríl 2022

Sigurbjörg E. Egilsdóttir  
Þurkell Jón Jónsson  
Ann. Björk  
Hördis V. Jónsson  
Kerán Elísabet Hauðsdóttir  
3. Finnur  
Anna Sæva Hauðsdóttir  
Ann. Björk  
Theodore S. Þorsteinsson  
Berglind Kristínisdóttir  
H. H. Jónsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kópavogsbæjar fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til bæjarstjórnar.

*Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta og innifelur:*

- Skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.
  - Rekstrarreikning fyrir árið 2021.
  - Efnahagsreikning þann 31. desember 2021.
  - Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2021.
  - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrd í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt félaginu er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Við höfum ekki veitt félaginu aðra þjónustu en endurskoðun á árinu 2021.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2021. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

### Lykilatriði endurskoðunarinnar

#### Vatnsendamál

Fyrrum ábúendur Vatnsenda hafa stefnt bænum vegna eignarnáms á landi Vatnsenda árin 1992, 1998, 2000 og 2007.

Um er að ræða tvö aðskilin mál.

Dómur féll í Vatnsendamáli I í Héraðsdóm Reykjaness í desember 2020. Vegna þeirra niðurstöðu var færð skuldbinding að fjárhæð 1.661 milljónir í ársreikning í samræmi við niðurstöðu dómsins auk vaxta. Á móti skuldbindingunni var færð sama fjárhæð sem eign á landi. Hafa ber í huga að enn er óvissa um fjárhæðir þar til endanlegur dómur fellur.

Dómur varðandi aðild Kópavogsbæjar er ekki fallinn í Vatnsendamáli II. Engin skuldbinding hefur verið færð vegna þessa hluta málsins enda óvíst um niðurstöðu og fjárhæðir.

Stefnur þessar eru lykilatriði í endurskoðun okkar þar sem um verulegar fjárhæðir er að tefla fyrir reikningsskil A og B hluta sveitarfélagsins.

Sjá nánar skýringu nr. 32 um dómsmál

### Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun okkar á Vatnsendamálinu fólst meðal annars í eftirfarandi:

Við funduðum með lögfræðingi sveitarfélagsins og fórum með honum yfir forsendur málsins.

Við yfirfórum málgögn og dómsniðurstöðu.

Við yfirfórum forsendur og útreikninga stjórnenda við færslu skuldbindingar í ársreikninginn.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
<b>Mat á lífeyrisskuldbindingu</b>  Lífeyrisskuldbinding A og B hluta Kópavogsbæjar er 10.162 milljónir króna í árslok 2021 eða 12,4% af efnahag sveitarfélagsins.  Lífeyrisskuldbindingin er færð miðað við núvirði áætlaðra greiðslna til framtíðar. Stjórnendur byggja mat sitt á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar sem framkvæmd var miðað við lok árs 2021. Breyting skuldbindingarinnar á árinu er færð í rekstrarreikning.  Mat stjórnenda á fjárhæð lífeyrisskuldbindingar er lykilatriði í endurskoðun okkar þar sem um er að ræða verulegan matskenndan lið í reikningskilum A og B hluta sveitarfélagsins.  Sjá nánar skýringu nr. 14 um reikningsskilaaðferðir, skýringu nr. 19 um laun og launa tengdgiöld og skýringu nr. 27 um lífeyrisskuldbindingar.	Stjórnendur Kópavogsbæjar fengu aðstoð utanaðkomandi tryggingastærðfræðings til að reikna áfallna lífeyrisskuldbindingu í árslok.  Endurskoðun okkar á mati lífeyrisskuldbindingar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:  Við fórum yfir niðurstöður tryggingastærðfræðingsins og lögðum mat á hæfni og óhæði hans.  Við mynduðum okkur væntingar um stöðu lífeyrisskuldbindingarinnar miðað við þekktar stærðir svo sem launaþróun, eignastöðu og rekstrarkostnað lífeyrissjóða.  Við fórum yfir útreikninga stjórnenda og tryggingastærðfræðings og bárum saman við væntingar okkar.  Við fórum yfir hvort reikningshaldsleg meðferð lífeyrisskuldbindinga í ársreikningi sé í samræmi við settar reikningssskilareglur.  Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

## Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsing um stjórnarhætti og aðrar upplýsingar sem fylgja ársreikningi í viðauka, og lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

## Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrgð fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningssskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrgð fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.



## Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga rekstrareininga sem falla undir A og B hluta sveitarfélagsins til að gefa út álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar ársreiknings sveitarfélagsins Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við bæjarstjórn að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.


### Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

#### Ráðning endurskoðanda

Við vorum ráðin endurskoðendur sveitarfélagsins vegna endurskoðunar ársins 2016 og höfum við verið endurskoðendur sveitarfélagsins síðan eða í samféllt 6 ár.

Reykjavík, 26. apríl 2022.

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ljósbrá Baldursdóttir  
löggiltur endurskoðandi



Atli Þór Jóhannsson  
löggiltur endurskoðandi



## Rekstrarreikningur 2021

Rekstrartekjur:	Skýr.	A-hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
Skatttekjur .....		30.396.969	28.743.764	28.646.761	30.306.801	28.656.568	28.561.385
Framlög jöfnunarsjóðs .....		1.843.772	1.562.134	1.681.569	1.843.772	1.562.134	1.681.569
Aðrar tekjur .....		5.391.917	4.557.343	3.743.086	7.471.402	6.525.600	5.562.609
	3,18	<u>37.632.658</u>	<u>34.863.240</u>	<u>34.071.416</u>	<u>39.621.974</u>	<u>36.744.301</u>	<u>35.805.562</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	19	21.685.261	20.539.832	19.303.279	21.810.418	20.684.789	19.413.206
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	14,19,27	566.275	593.241	545.643	566.275	593.241	545.643
Annar rekstrarkostnaður .....		12.872.254	12.307.754	11.259.490	13.476.225	13.014.024	11.946.811
		<u>35.123.789</u>	<u>33.440.827</u>	<u>31.108.413</u>	<u>35.852.917</u>	<u>34.292.053</u>	<u>31.905.660</u>
Afskriftir .....	7,22	1.423.093	1.307.016	1.356.342	1.649.866	1.533.494	1.582.452
		<u>1.423.093</u>	<u>1.307.016</u>	<u>1.356.342</u>	<u>1.649.866</u>	<u>1.533.494</u>	<u>1.582.452</u>
<b>Rekstrarniðurstaða án fjárm.tekna og fjárm.gjalda</b>		<u>1.085.775</u>	<u>115.398</u>	<u>1.606.661</u>	<u>2.119.192</u>	<u>918.754</u>	<u>2.317.451</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): .....	20	( 1.553.624)	( 1.142.647)	( 1.463.308)	( 2.023.285)	( 1.633.666)	( 1.992.008)
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	21	<u>( 467.849)</u>	<u>( 1.027.249)</u>	<u>143.353</u>	<u>95.906</u>	<u>( 714.912)</u>	<u>325.443</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

### EIGNIR

Skr.	A-hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2020
<b>Fastafjármunir:</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir .....	29.338.619	28.844.389	47.770.070	45.392.579
Götur, lönd, veitukerfi og hafnarmannvirki .....	20.899.621	20.437.036	24.763.533	24.409.919
Vélar, áhöld og tæki .....	143.680	144.243	145.691	146.809
Leigð eign .....	15,29 44.893	76.968	44.893	76.968
	6,7,22	50.426.814	49.502.637	72.724.187
				70.026.275
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í félagum .....	8,23 2.885.843	2.686.843	1.211.426	1.063.926
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	9,23,27 1.636.474	1.707.541	1.636.474	1.707.541
Langtímakröfur .....	9,24 594.226	753.913	644.771	796.635
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	9 1.529.239	2.176.249		
		6.645.782	7.324.547	3.492.671
				3.568.102
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>57.072.595</b>	<b>56.827.183</b>	<b>76.216.858</b>
				<b>73.594.377</b>
<b>Veltufjármunir:</b>				
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur .....	10,25 3.948.368	3.789.176	3.948.368	3.789.176
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	9,24 178.120	169.936	178.120	169.936
Næsta árs afborganir krafna á eigin fyrirtæki .....	9 67.679	52.038		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	9,23,27 571.497	397.191	571.497	397.191
Aðrar skammtímakröfur .....		671.958	710.832	748.204
Handbært fé .....	12 177.992	291.667	191.682	344.565
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>5.615.613</b>	<b>5.414.333</b>	<b>5.600.498</b>
				<b>5.449.072</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>62.688.209</b>	<b>62.241.517</b>	<b>81.817.356</b>
				<b>79.043.449</b>

Eignir utan efnahags..... 13

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

### SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Skýr.	A-hluti		A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2020	
<b>EIGIÐ FÉ</b>					
Eiginfjárreikningur.....	26	19.833.672	20.249.177	32.972.516	31.111.287
Hlutdeild minnihluta í dótturfélagi.....		0	0	65.744	65.744
<b>Skuldbindingar:</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	14,27	9.629.685	9.129.220	9.629.685	9.129.220
Aðrar skuldbindingar.....	32	1.940.812	1.527.000	1.940.812	1.527.000
		11.570.496	10.656.220	11.570.496	10.656.220
<b>Langtímaskuldir:</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	16,28	21.785.540	22.994.624	27.337.067	28.657.012
Leiguskuldir.....	15,29	10.951	42.906	10.951	42.906
		21.796.491	23.037.530	27.348.018	28.699.918
<b>Skammtímaskuldir:</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		962.003	359.405	962.003	359.405
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	16,28	2.101.913	2.003.740	2.384.797	2.125.350
Næsta árs afb. lífeyrisskuldbindingar.....	27	532.790	466.980	532.790	466.980
Næsta árs afborgun leiguskuldar .....	15,29	33.942	34.062	33.942	34.062
Aðrar skammtímaskuldir .....		5.856.901	5.434.402	5.947.049	5.524.483
		9.487.549	8.298.590	9.860.581	8.510.280
Skuldir og skuldbindingar samtals		42.854.537	41.992.340	48.779.096	47.866.418
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>62.688.209</b>	<b>62.241.517</b>	<b>81.817.356</b>	<b>79.043.449</b>
Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags.....	30-32				

## Yfirlit um sjóðstreymi

	A-hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 með viðaukum	Ársreikningur 2020
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>						
Hagnaður (tap) ársins .....	( 467.849)	( 1.027.249)	143.353	95.906	( 714.912)	325.443
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Sölutap eigna/ (-hagnaður) .....				( 25.219)		( 28.899)
Afskriftir fastafjármuna .....	7,22 1.423.093	1.339.861	1.356.342	1.649.866	1.566.340	1.582.452
Verðbætur og gengismunur .....	801.307	479.938	582.633	982.930	620.688	780.138
Vextir og verðbætur, eigin fyrirtæki .....	( 182.595)	( 169.198)	( 175.914)			
Tap (hagnaður) vegna lóða o.fl. ....	3 ( 1.161.346)	( 479.267)	9.513	( 1.161.346)	( 479.267)	9.513
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	637.342	593.241	616.710	637.342	593.241	616.710
Veltufé frá rekstri	1.049.952	737.326	2.532.637	2.179.478	1.586.090	3.285.357
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>						
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) lækkun .....	3 ( 159.192)	1.107	( 713.362)	( 159.192)	1.107	( 713.447)
Aðrar skammtímakr., (hækkun), lækkun .....	( 131.938)		71.079	( 136.934)	9.000	65.521
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....	1.025.097	4.224.591	203.923)	1.025.164	4.170.591	( 209.464)
Samtals	733.967	4.225.698	( 846.206)	729.038	4.180.698	( 857.390)
Handbært fé frá rekstri	1.783.919	4.963.024	1.686.431	2.908.517	5.766.788	2.427.967
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanl rekstrarfjármunum .....	22 ( 1.920.872)	( 3.954.000)	( 2.178.717)	( 1.961.449)	( 4.004.000)	( 2.178.716)
Yfirtöku- og gatnagerðargj og söluv íbúða .....						
Seldir rekstrarfjármunir .....	39.758		2.720	38.222		2.721
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði .....				( 264.697)	( 250.000)	( 113.689)
Söluverð íbúðarhúsnæðis .....				44.500		54.011
Gatnagerðargjöld .....	730.525		21.067	730.525		21.067
Byggingarréttur .....	430.821	500.000	( 29.093)	430.821	500.000	( 29.093)
Fjárfest í eignarhlutum .....	( 199.000)	( 133.000)	( 133.163)	( 147.500)	( 81.500)	( 81.663)
Langtímakröfur, breyting .....	191.448	91.943	284.251	184.984	91.943	276.151
Fjárfestingarhreyfingar	( 727.320)	( 3.495.057)	( 2.032.936)	( 944.594)	( 3.743.557)	( 2.049.212)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Tekin ný langtímalán .....	28		2.000.000	3.903.790		2.073.341
Afborganir langtímal. og uppgreiðslur .....	28 ( 1.984.237)	( 1.905.596)	( 2.118.202)	( 6.020.596)	( 2.026.124)	( 2.313.276)
Eigin fyrirtæki, breyting .....	813.963	438.736	602.158			
Fjármögnunarhreyfingar	( 1.170.274)	( 1.466.860)	483.956	( 2.116.806)	( 2.026.124)	( 239.934)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>	( 113.675)	1.107	137.454	( 152.883)	( 2.893)	138.822
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	291.667	82.373	154.213	344.565	104.646	205.745
<b>Handbært fé í lok tímabils .....</b>	177.992	83.480	291.667	191.682	101.753	344.565

# Skýringar

## Upplýsingar um sveitarfélagið

1. Kópavogsbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 38.987 þann 1. desember 2021. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Digranesvegi 1, Kópavogi. Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 kveða á um grundvallarþætti í stjórnslu og starfsemi sveitarfélaga.

## Grundvöllur reikningskilanna

2. Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2021 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Byggingarsjóð M.K. og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast stofnanir sem að stofni til eru fjármagnaðar með þjónustutekjum. Stofnanir sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Húsnæðisnefnd Kópavogs, Bílastæðasjóður og Tónlistarhús Kópavogs.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitafélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningshald sveitafélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti milli langtímalána Aðalsjóðs og annarra rekstrareininga.

Með gildistöku reglugerðar 230/2021 er sveitarfélögum nú gert frá og með reikningsárinu 2021 að færa byggðasamlög, sameignarfélag, sameignarfyrirtæki og önnur félagsform með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins hlutfallslega í samantekin reikningskil. Með reglugerð 14/2022 var sveitarfélögum veitt heimild til þess að fresta innleiðingu um eitt ár, og er það gert í tilfalli Kópavogsbæjar. Þau félög sem Kópavogsbær er aðili að og ber ábyrgð á ásamt öðrum sveitarfélögum eru: Strætó BS, Sorpa BS, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins BS, Heilbrigðiseftirlit Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

## Reikningskilaaðferðir

### Innlausn tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa igildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna reiknast sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og færast til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi. Mismunur á úthlutudum byggingarrétti og kostnaði við uppkaup lands vegna þeirra lóða sem til úthlutunar eru færast með sama hætti sem söluhagnaður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi. Álögð gatnagerðargjöld eru færð til lækkunar á kostnaði við nýframkvæmdir gatna.

### Færsla gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

5. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2021. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í ársbyrjun 2022. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfestingar vegna gatnagerðarframkvæmda eru eignfærðar að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum. Íbúðir sem Húsnæðisnefnd Kópavogs leigir út eru metnar á fasteignamati sem tekur gildi þann 1. janúar 2022. Endurmat íbúða er fært á eignfjárreikning.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Þessar lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eignfjárreikning.

## Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

7. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	20 - 100 ár
Veitukerfi og hafnarmannvirki.....	33 - 40 ár
Gatnakerfi.....	33 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	5 - 12 ár

## Eignarhlutir í félögum

8. Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, sjá nánar í 5. mgr. skýringar 2. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðkomandi málaflokks.
- Eignfært er á árinu 2021 framlag til Tónlistarhúss Kópavogs 51,5 millj.kr. til Sorpu 81,5 m.kr. og vegna kaupa á leikskólanum Undralandi ehf. 66 m.kr., sjá skýringu 23.

## Langtímakröfur

9. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna. Á meðal næstu árs afborganna er fyrirframgreiðsla vegna Betri samgangna ohf./Samgöngusáttmáli en nánari upplýsingar má sjá í skýringu 23 og 27.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2021 er færð til eignar og frá og með 2018 er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum frá og framlag í varúðarsjóð gjaldfært á 20 árum. Er þetta gert í samræmi við ákvæði reglugerðar 212/2015.

## Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

10. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

## Ófrágengnar íbúðir

11. Í árslok 2021 átti Húsnæðisnefnd Kópavogs fjórar ófrágengnar íbúðir.

## Handbært fé

12. Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

## Eignir utan efnahagsreiknings

13. Fjárfesting sem átti sér stað fyrir ársbyrjun 2002 í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

## Lífeyrisskuldbinding

14. Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi í árslok 2021. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi samanber skýringu 27.

## Leiguskuldir

15. Í maí 2018 var gerður leigusamningur um húsnæðið að Fannborg 6 og er samningurinn upphaflega til 5 ára. Samningurinn er færður til eignar og skuldar á núvirði lágmarksleigugreiðslna vegna hans út leigutímann. Við útreikning á núvirði leigugreiðslna er miðað við áætlaða ávöxtunarkröfu leigusala, eða aðra ávöxtunarkröfu sem notuð er til að meta verðmæti eignar út frá sjóðstreymi hennar.

## Langtímaskuldir

16. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.



## Fjárhagsáætlun

17. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt er birt sem samanburðarfjárhæð í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með skýringum í skýringum 37.

## Rekstrartekjur

18. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti			
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
<b>Skatttekjur:</b>						
Útsvar .....	26.192.191	24.518.474	24.622.823	26.192.191	24.518.474	24.622.823
Fasteignaskattur .....	3.843.414	3.745.989	3.665.199	3.753.246	3.658.793	3.579.823
Lóðarleiga .....	361.364	479.301	358.738	361.364	479.301	358.738
Skatttekjur samtals .....	30.396.969	28.743.764	28.646.761	30.306.801	28.656.568	28.561.385
<b>Jöfnunarsjóður:</b>						
Framlag vegna grunnskóla.....	429.484	504.813	559.161	429.484	504.813	559.161
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra.....	194.668	158.900	167.274	194.668	158.900	167.274
Framlag vegna nýbúafraeðslu.....	64.500	61.800	68.100	64.500	61.800	68.100
Framlag vegna tónlistaskóla.....	45.925	42.951	45.187	45.925	42.951	45.187
Önnur framlög.....	1.109.195	793.670	841.847	1.109.195	793.670	841.847
	1.843.772	1.562.134	1.681.569	1.843.772	1.562.134	1.681.569
<b>Skatttekjur og jöfnunarsjóður samtals</b>	<b>32.240.741</b>	<b>30.305.898</b>	<b>30.328.329</b>	<b>32.150.573</b>	<b>30.218.702</b>	<b>30.242.953</b>
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Þjónustutekjur o.fl.....	4.234.765	4.057.343	3.752.599	6.314.250	6.025.600	5.572.122
Tekjur/(gjöld) vegna lóðaúthlutana o.fl.....	1.157.152	500.000	(9.513)	1.157.152	500.000	(9.513)
Aðrar tekjur samtals .....	5.391.917	4.557.343	3.743.086	7.471.402	6.525.600	5.562.609
<b>Rekstrartekjur samtals .....</b>	<b>37.632.658</b>	<b>34.863.240</b>	<b>34.071.416</b>	<b>39.621.974</b>	<b>36.744.301</b>	<b>35.805.562</b>

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,212% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,47% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

## Laun og launatengd gjöld

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 m/viðaukum	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021 m/viðaukum	Ársreikningur 2020
Laun .....	17.059.221	16.099.897	15.148.381	17.161.408	16.218.207,7	15.237.808
Launatengd gjöld .....	4.457.761	4.280.463	4.024.847	4.480.436	4.306.809,6	4.045.135
Annar starfsmannakostnaður.....	168.279	159.472	130.052	168.574	159.772	130.263
Laun og launatengd gjöld án br. á líf.skuldb.....	21.685.261	20.539.832	19.303.279	21.810.418	20.684.789	19.413.206
Breyting lífeyrisskuldbindingar *).....	566.275	593.241	545.643	566.275	593.241	545.643
Laun og launatengd gjöld samtals .....	22.251.535	21.133.073	19.848.922	22.376.692	21.278.030	19.958.849

\*) Sjá skýr. 27

Í lok árs 2021 voru 2.917 manns á launaskrá. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 2.094 að undanskildum vinnuskóla og nefndarstörfum. Í lok árs 2020 voru 2.617 manns á launaskrá. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 2.033 að undanskildum vinnuskóla og nefndarstörfum.

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 126 millj. kr. á árinu 2021.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

20. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020	Ársreikningur 2021	Áætlun 2021	Ársreikningur 2020
Vaxtatekjur.....	(47.765)	(43.097)	(86.837)	(48.449)	(43.097)	(87.413)
Vaxtagjöld .....	960.845	919.660	1.124.914	1.066.263	1.092.053	1.276.425
Vextir og verðbætur á eigin fyrirtæki.....	(182.723)	(169.198)	(179.643)	0	0	0
Verðbóttagjöld / (tekjur).....	829.991	451.582	608.269	1.011.179	601.010	805.471
Gengistap / (hagnaður).....	1.184	0	2.744	2.199	0	3.663
Hagnaður af eignarhlutum.....	(7.907)	(16.300)	(6.138)	(7.907)	(16.300)	(6.138)
	1.553.624	1.142.647	1.463.308	2.023.285	1.633.666	1.992.008

## 21. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs, stofnana og fyrirtækja greinist þannig:

Aðalsjóður:	Ársreikningur			Áætlun	Ársreikningur
	2021			2021	2020
			<b>Niðurstaða</b>		
	<b>Gjöld</b>	<b>Tekjur</b>	<b>(nettó)</b>	<b>(nettó)</b>	<b>(nettó)</b>
Skatttekjur .....	41.753	32.958.310	32.916.556	31.052.723	30.990.071
Félagsþjónusta.....	6.178.102	953.098	(5.225.004)	(4.701.880)	(4.316.345)
Heilbrigðismál.....	2.071	0	(2.071)	(2.071)	(2.016)
Fræðslu- og uppeldismál.....	20.386.722	1.501.097	(18.885.625)	(18.212.071)	(17.292.654)
Menningarmál.....	874.951	175.011	(699.940)	(684.249)	(654.703)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	6.301.755	2.494.166	(3.807.589)	(3.739.251)	(3.604.410)
Brunamál og almannavarnir.....	373.168	0	(373.168)	(346.278)	(304.432)
Hreinlætismál.....	672.171	649.605	(22.567)	(55.073)	(22.093)
Skipulags- og byggingarmál.....	587.139	357.843	(229.296)	(281.064)	(178.688)
Umferðar- og samgöngumál.....	1.402.785	2.078	(1.400.707)	(1.377.214)	(1.415.322)
Umhverfismál.....	487.981	1.559	(486.421)	(444.238)	(490.097)
Atvinnumál.....	70.728	0	(70.728)	(93.705)	(49.727)
Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	42.000	0	(42.000)	(42.000)	(42.000)
Sameiginlegur kostnaður.....	3.237.808	822.732	(2.415.076)	(2.120.199)	(1.885.238)
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	566.275	0	(566.275)	(593.241)	(545.643)
Endurgreiddur virðisaukaskattur frá fyrri árum.....	(50.332)	0	50.332	0	154.865
Fjármagnsliðir (nettó).....	(1.269.030)	0	1.269.030	1.011.712	755.461
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>39.906.047</b>	<b>39.915.499</b>	<b>9.452</b>	<b>(628.098)</b>	<b>1.097.029</b>
<b>A hluta stofnanir:</b>					
Eignasjóður.....	5.863.515	5.671.770	(191.745)	(148.777)	(803.645)
Byggingarsjóður M.K.....	20.628	20.082	(546)	1.404	(355)
Þjónustumiðstöð.....	780.135	495.125	(285.010)	(251.779)	(149.676)
Innri færslur A- hluti.....	(8.469.818)	(8.469.818)	(0)	0	0
<b>A hluti samtals</b>	<b>38.100.507</b>	<b>37.632.658</b>	<b>(467.849)</b>	<b>(1.027.249)</b>	<b>143.353</b>
			<b>Niðurstaða</b>		
	<b>Gjöld</b>	<b>Tekjur</b>	<b>(nettó)</b>	<b>(nettó)</b>	<b>(nettó)</b>
<b>B hluta fyrirtæki:</b>					
Fráveita Kópavogs.....	466.111	930.094	463.983	303.091	313.554
Vatnsveita Kópavogs.....	561.216	816.674	255.459	85.672	108.371
Hafnarsjóður Kópavogs.....	75.926	72.980	(2.946)	8.234	5.521
Húsnæðisnefnd Kópavogs.....	903.126	826.739	(76.387)	(19.175)	(183.530)
Bílastæðasjóður Kópavogs.....	10.951	10.774	(177)	870	(0)
Tónlistarhús Kópavogs.....	93.862	17.686	(76.176)	(66.355)	(61.826)
Innri færslur A og B hluta.....	(685.630)	(685.630)	0	0	0
<b>A og B hluti samtals</b>	<b>39.526.068</b>	<b>39.621.975</b>	<b>95.906</b>	<b>(714.911)</b>	<b>325.442</b>

## Varanlegir rekstrarfjármunir

### A hluti

22. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Götur, veitukerfi og hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Leigð eign	Samtals	Ársreikningur 2020
Heildarverð 1.1. ....	42.371.331	25.017.690	283.822	76.968	67.749.811	64.123.703
Áður afskrifað.....	(13.526.941)	(4.580.653)	(139.580)	0	(18.247.174)	(16.902.399)
Bókfært verð 1.1. ....	28.844.389	20.437.037	144.243	76.968	49.502.637	47.221.304
Viðbætur á árinu.....	1.367.198	929.757	37.729	0	2.334.683	3.705.717
Selt og fært út á árinu.....	0	0	(7.682)	(32.075)	(39.758)	(35.949)
Afskrifað á árinu .....	(872.968)	(519.516)	(30.609)	0	(1.423.093)	(1.356.342)
Endurmat lóða og lendna.....	0	52.344	0	0	52.344	(32.094)
Bókfært verð 31.12. ....	29.338.619	20.899.621	143.680	44.893	50.426.814	49.502.637

### A og B hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Götur, veitukerfi og hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Leigð eign	Samtals	Ársreikningur 2020
Heildarverð 1.1. ....	60.083.458	37.154.355	292.852	76.968	97.607.634	93.387.748
Afskrifað áður .....	(14.690.879)	(12.744.436)	(146.043)	0	(27.581.359)	(26.014.225)
Bókfært verð 1.1. ....	45.392.579	24.409.919	146.809	76.968	70.026.275	67.373.523
Viðbót á árinu.....	1.631.895	970.335	37.729	0	2.639.958	3.819.406
Selt og fært út á árinu.....	(17.745)	0	(7.682)	(32.075)	(57.503)	(61.061)
Afskrifað á árinu .....	(949.637)	(669.064)	(31.164)	0	(1.649.866)	(1.582.452)
Endurmat.....	1.712.978	52.344	(0)	0	1.765.322	476.860
Bókfært verð 31.12. ....	47.770.070	24.763.533	145.691	44.893	72.724.187	70.026.275

Á árinu 2021 eru fasteignir Húsnæðisnefndar Kópavogs endurmetnar þannig að þær eru bókaðar á fasteignamati sem tók gildi 1. janúar 2022.

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna bæjarfélagsins, fasteignamat og brunabótamat greinist þannig í árslok:

A hluti	Fasteignamat	Bruna- bótamat	Bókfært verð	Ársreikningur 2020
Leikskólar .....	4.226.520	6.301.690	2.825.621	2.873.543
Skólar .....	20.246.820	31.255.700	9.375.794	9.009.235
Íþróttamannvirki .....	11.453.078	16.543.660	10.808.605	10.833.835
Aðrar eignir .....	11.436.892	15.733.819	6.328.598	6.127.777
	47.363.310	69.834.869	29.338.619	28.844.389
Lóðir, lönd og götur .....	3.605.515	0	20.899.621	20.437.037
Vélar, áhöld og tæki .....	0	0	143.680	144.243
Leigð eign .....	0	0	44.893	76.968
Samtals A hluti .....	50.968.825	69.834.869	50.426.814	49.502.637

B hluti	Fasteignamat	Bruna- bótamat	Bókfært verð	Ársreikningur 2020
Félagslegar íbúðir .....	18.254.750	13.885.880	18.083.912	16.188.084
